



Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/1476  
komudagur 19.2.2008

## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2008  
Tilvísun: UB 0802/4.1.1


**Efni: Frumvarp til laga um nálgunarbann, heildarlög, mál nr. 294.**

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 4. febrúar 2008, þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Undirrituð styður framkomið frumvarp og telur það styrkja réttarstöðu þeirra til muna sem leita eftir vernd með nálgunarbanni.

Umboðsmaður barna vill hins vegar benda á að í löggjöfina skortir úrræði sem tryggir börnum á ótvíráðan hátt vernd og öryggi ef rökstuddur grunur leikur á um að þau séu beitt ofbeldi innan veggja heimilisins. Það væri t.a.m. mögulegt með því að fjarlægja ætlaðan brotamann af heimilinu meðan á rannsókn og meðferð máls stendur yfir.

Virðingarfyllst,

  
Margrét María Sigurðardóttir